



gróður og garðar

snotur, hún fer t.d. vel saman við fifu. Glöggir menn munu og koma auga á eina mjóa hrossanál í könnunni! Hún er stinn og auðþekkt á því að stráid nær talsvert upp fyrir móleitan blómskúfinn. Í þessum könnu-vendi var þá heilt blómasafn!

Loks er hér sýndur grasa- og hálfgrasa blævængsvöndur. Í honum ber mest á snarrótarpunti, bæði þeim venjulega blá-grængljáandi og gulhvítu fögru afbrigði, sem gullpunktur nefnist. Hann getið þið reynt að finna. Í vendinum er líka vallhæra, gulstör og mýrastör. Vandamyndirnar tvær hefur Tryggvi ljósmyndari Tímans tekið, en undirritaður hefur tint blómin að venju.

Margir spyrja um sveppi,

hverja sé óhætt að eta, og hverjir séu hættulega eitradir. Bent skal á, að í Garðyrkjuritinu árið 1969 er fróðleg grein um íslenska matarsveppi eftir Helga Hallgrímsson. Ættu menn, sem áhuga hafa á matarsveppum, að kynna sér þá grein. Ýmsar erlendar sveppabækur eru og til, t.d. á dönsku og ensku. Má nefna bók Martens Lange „Illustreret Svampeflora“ sem er næsta handhægt kver. Kom út hjá Gads forlagi.



Góður matarsveppur, er t.d. kúalubbi sem er allstórvaxinn, grár eða brúnleitur með lóðréttar smápipur neðan á hattinum og líkist því ofurlitid svampi að neðan. Kýr eru sólgjár í hann, einkum þegar heitt er. Kúalubbi er algengur og fylgir birki og fjalldrapa. Nota skal hann ungan, því að hatturinn fúnar og jafnvel maðkar með aldrinum, einkum pipulagið neðan á honum. Hatturinn situr á gildum staf og er hvelfdur fyrst í stað en verður flatari með aldrinum.

Hinn alkunni ætisveppur (Champignon) hefur blöð (en ekki pipur) neðan á hattinum. Hatturinn er í fyrstu kúlulaga, en verður síðar hvelfdur eða nærri flatur, grá- eða móleitur að ofan, en blöðin neðan á honum súkkulaðibrún. Til eru fleiri en ein tegund ætisveppa. Þeir vaxa einkum í vallendi og á túnnum, en sumir þó í kjarri og skógi. Ætisveppur er ræktaður til matar á Varmalandi í Borgarfirði, grær vel í hrossatabi.

Allir þekkja gorkúlur (belgsveppi) hnöttóttar ljósleitar kúlur staflausar. Gorkúlur eru vel ætar meðan þær eru hvítar í gegn og kallaðar þá merarostur. Seinna dökkna þær og fyllast svörtu gródufti, sem rýkur upp ef þær eru kreistar. Kallaðar eru þær þá kerlingareldur. Gorkúlur eru algengar á gömlum túnnum og víðar á graslendi.

Margar fleiri íslenskar sveppategundir eru ætar og vístast um það til fyrrnefndrar greinar og bókar. En hér vaxa einnig eitradir sveppi t.d. hinn fagri berserkjasveppur, sem er mjög auðþekktur, því að á staf hans situr rauður hattur með hvítum dilum. Eftirlíkingar hans eru seldar sem jólaskraut. Berserkjasveppur getur orðið stórvaxinn, en hattur hans kemur í ljós síðari hluta sumars. Vex einkum í skóglendi.

Á trektsveppum er hatturinn dældur í miðju. Sumar hvítar eða gulhvítar tegundir trektsveppa eru hættulega eitradar. Eitð aldrei svepp, nema þið þekkið hann og vitið að hann sé hættulaus.



Örlygur Sigurðsson með stórsýningu að Kjarvalsstöðum

JG — í gær opnaði Örlygur Sigurðsson listmálari málverksýningu að Kjarvalsstöðum, en sýningin stendur frá 9.-24. september.

Örlygur er löngu þjóðkunnur maður af myndlist sinni og ritstörfum, en hann er fæddur 1920 og að afloknu stúdentsprófi stundaði hann listnám í Bandaríkjunum um fimm ára skeið og síðar í París á árunum 1948-1949.

A fjörugum blaðamannafundi að Kjarvalsstöðum hafði Örlygur m.a. þetta að segja:

— Eg sýndi síðast í Reykjavík í Norræna húsinu fyrir nokkrum árum, en hefi síðan sýnt myndir í New York, Þýskalandi og í Frakklandi.

A sýningunni eru að þessu sinni um 200 myndir, flestar gerðar á síðustu árum, en auk þess hefur fjöldi manns verið svo elskulegur að lána myndir á þessa sýningu.

— Það var seint í vetur, sem sýningin var ákveðin og hefi ég notað tímann vel síðan, bæði til þess að mála nýjar myndir og eins til þess að fullgera eða ljúka við aðrar sem voru í smíðum. Þetta eru oliu- acryl, vatnslita- og litkritarmyndir, en auk þess er ég með blýants- og blekteikningar, en það líður nú varla sá dagur að ég teikni ekki eitthvað, því mér er laus höndin á því sviði.

Myndirnar eru frá ýmsum stöðum, frá Akureyri, Reykjavík og fleiri stöðum á Íslandi en auk þess eru myndir frá Frakklandi New York og víðar. Sérstök sería er af mannamyndum og meðal merkra



manna ná nefna Einar ríka Sigurðsson, Jökul Jakobsson, Gústaf E. Pálsson, Halldór Pétursson, Skúla Halldórsson, Dag Austan (Vernharð Eggertsson) og fjölmarga aðra þekkta menn og merkilega sem orðið hafa listamanninum að myndefni.

Það var allstór hópur manna


viðstaddur blaðamannafundinn og voru menn sammála um að þetta væri mjög skemmtileg og upplifandi sýning.

Auk myndanna sem allar eru til sölu nema þær sem eru í einka-eign, verða bækur Örlygs til sölu á sýningunni, en hann hefur rit að 5 bækur um dagana og verða þær allar með eiginhandarritun listamannsins.

HÚSGAGNAKJÖR

Kjörgardi

SÍMAR: 1-69-75 & 1-85-80



Nýkomin
barnahlaðrúm 2 gerðir

Sendum í póstkröfu